



# Hafnarfjörður

20. ágúst 2024  
2407227

## MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Fanney Dóróthe, sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs  
Sendandi: Þórunn Jóna, deildarstjóri grunnskólamála

### Efni: Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum

#### Framlag ríkis vegna kostnaðar foreldra

Við samningagerð í vor, milli ríkis og aðila á almennum vinnumarkaði, var ákveðið að skólamáltíðir í grunnskólum skyldu vera gjaldfrjálsar. Ríkið og Samband Íslenskra sveitarfélaga gerðu samkomulag um að ríkið greiði almennt 75% af því sem foreldrar greiddu áður og að niðurgreiðslan fari fram í gegnum sveitarfélög. Greiðslur frá ríkinu berast mánaðarlega, nema fyrir júlí, næstu þrjú skólaár. Samkomulagið gildir því út júní 2027.

Ríkið hefur sitt viðmið um kostnað við skólamáltíðir fyrir öll börn í grunnskólum landsins. Framlag þess, þ.e. 75% af kostnaði foreldra, er ákveðin í fjárlögum hvers árs. Framlagið skiptist milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar árið sem fjárlagafrumvarp næsta árs er lagt fram. Tekur þetta yfir nemendur í grunnskólum sveitarfélags og sjálfstætt reknur grunnskólum í sveitarfélaginu. Með þessari reiknireglu hefur Samband Íslenskra sveitarfélaga tilkynnt að fram að næstu áramótum fái Hafnarfjarðarbær 151.722.568 mkr. fyrir 4.201 barn. Nánar er tiltekið að þetta séu 33.716.126 á mánuði nema greitt er fyrir hálfan ágúst mánuð.

Hafnarfjarðarbær hefur annað viðmið um kostnað við skólamáltíðir en ríkið. Heildarkostnaður við mat er samtala af kaupum og framreiðslu á mat frá Skólamat ehf. sem eldar fyrir alla grunnskóla bæjarins nema einn og kostnaður við mat sem eini skólinn auk tveggja sjálfstætt starfandi skóla kaupa og framreiða sjálfir. Við þetta bætist niðurgreiðsla sem bærinn hefur viðhaft í formi ríflegs systkinaafsláttar. Gert er ráð fyrir að 3.781 barn fái máltíð eða 90% allra barna. Heildarverð fyrir skólamáltíðir fram að áramótum er áætlaður 299.726.651 skv. tölum hagdeildar. Þar af reiknast hlutur foreldra 218.800.455 án afsláttar en með honum er hlutur þeirra 130.381.093.

Mismunur á reikningi ríkis og Hafnarfjarðarbæjar leiða í ljós hvort og hver kostnaðarauki er við gjaldfrjálsar máltíðir næstu þrjú rekstrarár vegna samninga ríkis við aðila á almennum vinnumarkaði. Út frá því sem framan er sagt er niðurstaðan þessi fyrir haust 2024: Heildarkostnaður Hafnarfjarðar við skólamáltíðir á haustönn 2024 er áætlaður 299.726.651. Af því er hlutur foreldra með systkinaafslætti 130.381.093. Framlag ríkisins fyrir hlut foreldra er 151.722.568.

#### Fyrirkomulag í grunnskólum

Fyrirkomulag vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða verður óbreytt frá því sem verið hefur gagnvart foreldrum og þeim átta grunnskólum sem fá mat frá Skólamat ehf. skv. samningi við



## Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbæ. Áfram verður krafist skráningar í mat. Áskrift lágmarkar matarsóun í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir að allir foreldrar nýti þennan möguleika. Að sama skapi greiðir Hafnarfjarðarbær skv. þeirri raunmælingu á mætingu sem áskrift felur í sér. Matarskráning hefst 22. ágúst og endurnýjast mánaðarlega út skólaárið nema henni sé sagt upp. Ef áskrift er ekki nýtt í heilan mánuð lokast fyrir hana og foreldrar þurfa að sækja um aftur. Bærinn mun áfram bjóða uppá gjaldfrjálsan hafragraut að morgni og ávaxtastund gegn gjaldi auk þess sem síðdegishressing er óbreytt. Foreldrum og forráðamönnum hefur verið tilkynnt þetta allt saman.

Ákvörðun um fyrirkomulag gagnvart sjálfstætt reknum grunnskólum hefur ekki verið tekin og mikilvægt að hraða henni þar sem skólarnir bíða svars. Ókunnugt er einnig hvernig fer með kostnað vegna grunnskólabarna sem ekki hafa kennitölu en eru skráð hjá Vinnumálastofnun.